

Nd.

## 253. Frumvarp

til laga um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast allt að 2½ millj. kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til byggingar og kaupa fimm til tíu togara.

### 2. gr.

Ríkisábyrgðin má ekki nema meiru en  $\frac{2}{3}$  hlutum kaupverðs togaranna útbúinna til veiða, og skal, auk ábyrgðar Reykjavíkurkaupstaðar, vera tryggð með veðrétti í skipunum, eða ekki lakara fasteignaveði.

### 3. gr.

Ríkisábyrgðin skal bundin við það, að bærinn eigi skipin og reki útgerð þeirra.

### 4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar.

### Greinargerð.

Það horfir til stórvandræða út af hinu stöðuga atvinnuleysi í Reykjavík, sem er jafnvel um hábjargræðistímann, vertíðina, svo mikið, að hundruð manna ganga atvinnulaus. Stór þáttur í þessu er minnkandi útgerð í bænum, og hefir sú stefna almennt fylgi meðal bæjarbúa, að öflugasta ráðstöfunin til þess að auka atvinnuna sé, að bærinn sjálfur takist á hendur togaraútgerð. Bæjareignin og bæjarreksturinn á togurunum tryggi það, að útgerðin haldist í bænum, bæjarbúar njóti atvinnunnar af henni og hægt sé að hafa hagkvæma tilhögun á öllu. Á bæjarstjórnarfundi 3. nóv. 1932 var samþykkt svofelld tillaga:

„Bæjarstjórn ákveður að fela bæjarráðinu að rannsaka, hvað 5—10 góðir togarar, sem væru keyptir nú, myndu kosta, og fyrir hvaða verð sama tala skipa fáist smíðuð, og séu þau öll með nýjasta útbúnaði, miðunartækjum, bergmálsdýptarmæli o. s. frv. Sé jafnframt rannsakað, hvort heppilegra myndi að nota gufuvélar eða dieselvélar í togurum hér við land. Bæjarráðið rannsaki einnig, hvar heppilegast myndi að hafa bækistöð 5—10 togara, er bærinn ræki“.

En án ríkisábyrgðar er vonlitið að leita kaupa togara með hæfilegum gjaldfresti og kjörum.